

**Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs**  
**Föstudagur 4. desember 2020.**



14. fundur stjórnar VG, fjarfundur.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Rúnar Gíslason og Ingibjörg Þórðardóttir rituðu fundargerð.

**Mætt eru:** Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Rúnar Gíslason, Ragnar Auðun Árnason, Sóley Björk Stefánsdóttir, Berglind Häsler, Álfheiður Ingadóttir, Þóra Magnea Magnúsdóttir, Elva Hrönn Hjartardóttir, Andrés Skúlason, Bjarni Jónsson, Cecil Haraldsson, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasaron, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fulltrúi þingflokks), Sigrún Birna Steinsrsdóttir (fulltrúi UVG), Puríður Backman (fulltrúi EVG)

F.h. starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lís Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson og Lís Kristjánsdóttir, Orri Páll Jóhannsson

Fundur settur kl. 15.05.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Flokksráðsfundur (rafrænn ). GIG/ALB
  - a. a. Guðmundur Ingi kynnir rafrænan flokksráðsfund sem verður á tveimur dögum í stað eins.
3. Vinna í málefnaþópum. OP/BE
  - a. Björg Eva greinir frá vinnunni.
  - b. Andrés segir frá að fundur hafi verið haldinn í ritnefnd ásamt formönnum málefnaþópanna til að fá yfirsýn.

*Mummi tekur við stjórn fundarins klukkan 15:12.*

4. Kynningarmál í aðdraganda kosninga. ALB/LK
  - a. Anna Lís og Lís kynna.
  - b. Umræður og spurningar. Margir stjórnarmenn tóku þátt.

*Katrín tekur við stjórn fundarins klukkan 15:18.*

5. Forvalsreglur og vinna kjördæmisráða. KJ/BJ/BE
  - a. Katrín fór yfir vinnuna.
  - b. Umræður og spurningar. Margir stjórnarmenn tóku þátt.

*Ingibjörg tók við ritun fundargerðar af Rúnari klukkan 15:57.*

6. Fjárhagstaðan mánuði fyrir áramót. BE/BH
  - a. Björg Eva fer yfir.
7. Drög að fjárhagsáætlun fyrir 2021. BE/BH
  - a. Óbreytt að mestu frá því síðast. Þarf að endurskoða því við vitum ekki hvað forvölin munu kosta okkar.
8. Fundaplan stjórnar 2021 lagt fram. BE.
  - a. 8. janúar verður langur fundur. Stefnt er á að hafa vinnufund. (flokksráðsfundur í lok janúar). Væri gaman að hittast en líklega verður þetta fjarfundur. Skoðum hvort þetta sé möguleiki.
  - b. Katrín fer yfir planið. Gera þarf ráð fyrir aukafundi fyrir landsfund
9. Almennar stjórn málaumræður.
  - a. **Mummi**. Ræðir um að síðustu vikur hafa einkennst af því að fjölmörg mál hafa komið inn á þingið. Það er „deadline“ að mæla fyrir málum fyrir áramót og þess vegna fer þetta af stað. Mikilvæg mál:
    - i. Hálendisþjóðgarður
    - ii. Rammaáætlun
    - iii. Svandís er með mál um breytingar á sóttvarnarlögum.
    - iv. Frumvarp Sigurðar Inga um sameiningu sveitarfélaga
    - v. Mál um tollasamning Evrópusambandsins. Staða bænda. Covid ástandið hefur mikil áhrif á landbúnaðinn.
  - b. **Kolbeinn**. Verið er að skoða hvað er hægt að klára fyrir jólafrí. Erum töluvert á eftir áætlun
  - c. **Katrín**. Allt hefur snúist um heimsfaraldurinn. Hennar væntingar eru að með tilkomu bóluefnis munum við ná fram hjarðónæmi tiltölulega hratt og getum fengið ferðamenn inn næsta sumar.
  - d. Stjórnarskrármálið. Katrín er að vinna í því að gera þetta að einu máli.

- e. Um dóm mannréttindadómstólsins. Þessi dómur er mun skýrari en sá fyrri. Varðandi Alþingi þá er sett út á það að þingið hafi ekki fengið svigrúm til að fjalla um þetta mál.
- f. Umræður.
  - i. **Rúnar** hrósar Mumma og segir að Miðhálandisþjóðgarður sé ekki illa kynntur.
  - ii. **Guðný Hildur** ræðir frumvarp félagsmálaráðherra um sæmpættingu á félagsþjónustu við börn. Mjög ánægð með þetta og telur þetta byltingu.
  - iii. **Andrés**. Ræðir um komandi Alþingiskosningar.
  - iv. **Álfheiður**. Tekur undir mikilvægi mála um hálandisþjóðgarðinn og stjórnarskrárna. Það skiptir mestu máli núna hvernig þetta mál verður unnið inni í þinginu. Tekur undir með hrós til Ásmundar Einars.
  - v. **Þóra Magnea** hrós til Mumma og tekur undir með Guðnýju varðandi frumvarp félagsmálaráðherra. Vill þakka Svandísi fyrir framistöðuna í Kastljósi um daginn.
  - vi. **Elva Hrönn**. Ánægð með Svandísi. Vill ræða hvort heilsugæslan getur annað verkefnum krabbameinsfélagsins. Spyr hvort við séum með viðbragðsáætlun gegn falsfréttum varðandi bólusetningu.

#### 10. Önnur mál.

- a. **Sigrún Birna** segir frá virkni UVG og umhverfisvæna jóladagatalinu þeirra. Hvetur fólk til að taka þátt.
- b. **Elva Hrönn**. Óskar UVG til hamingju með dagatalið. VGR stefnir í að vera með einhverja virkni í desember.
- c. Ingibjörg kynnir ályktanir frá svæðisfélagi Austurlands. Ákveðið var að birta ályktanirnar á heimasíðu VG en vísa þeim einnig inn í viðeigandi málefnaþópa og þingflokkinn.

Fundi slitið kl. 17.06.

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 8. janúar kl. 15.00.